# FRÉTTABLAÐIÐ

158. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 6. JÚLÍ 2018




Hún er ekki fyrir alla, vinnuaðstaða skógfræðingsins Orra Freys Finnbogasonar sem kleif risavaxin grenitré í Fossvoginum á miðvikudag. Orri vinnur að því að fella trén en sökum stærðar þeirra og staðsetningar er að mörgu að huga. Ljósmyndari Fréttablaðsins veigraði sér þó ekki við að príla upp með honum til að ná þessari mögnuðu mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ferðamenn leysa út fíknilyf á Benidorm

**Tollgæslan hefur lagt hald á mikið magn ávana- og fíknilyfja á árinu. Hluta þeirra flytja íslenskir ferðamenn til landsins frá Spáni. Slóðin hefur verið rakin til fáeinna lækna á Benidorm sem skrifa út risastóra skammta ávana- og fíknilyfja eins og OxyContin og Xanax.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Það sem af er ári hefur Tollgæslan lagt hald á nærri 18.900 töflur af ávana- og fíknilyfjum. Þar af eru um það bil 3.100 OxyContin-töflur, 1.950 MST Continus-töflur (morfín) og 5.200 töflur af Alprazolam (Xanax).

Samkvæmt upplýsingum frá rannsóknardeild Tollgæslunnar er hluti fíknilyfjanna sem um ræðir fluttur af íslenskum ferðamönnum hingað til lands frá Alicante á Spáni og margir framvísa lyfjaávísun frá þarlendum læknum.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að slóðin hafi verið rakin til fáeinna lækna á Spáni og að einn læknanna sem um ræðir starfi á læknastofu á Benidorm. Hann sé stórtækur og hafi ávísað lífshættulegum og stórum skömmtum til Íslendinga sem eiga sér ekki heilsufarssögu sem rökstyður að nauðsynlegt sé að nota slík lyf.

Fréttablaðið greindi í vikunni frá Íslendingum sem leystu út erlendar lyfjaávísanir á Íslandi. Einstaklingi í fíknivanda tókst þannig að leysa út stóran skammt af sterku ávanabindandi lyfi. Reglugerð um innflutning einstaklinga á lyfjum til eigin nota stendur hins vegar óbreytt.



Þeim Íslendingum, sem hafa fengið uppáskrifuð lyf frá læknum á Spáni og flutt þau til landsins, er í raun heimilt að flytja til landsins lyf til eigin nota ef þeir framvísa vottorði læknis eða lyfseðli en þeir þurfa líka að sýna fram á að lyfin séu nauðsynleg í því magni sem flutt er inn. Í flokka ávana- og fíknilyfja er leyfilegt að flytja með sér magn sem svarar mest til 30 daga notkunar.

Reglugerðir í Noregi voru svipaðar og hér á landi. Þær voru hertar árið 2016 vegna stóraukins flutnings ávanabindandi fíknilyfja til landsins sem síðan voru seld á svörtum markaði.

Í dag mega ferðamenn með norskt ríkisfang einungis flytja með sér sjö daga skammt af ávana- og fíknilyfjum sem keypt eru erlendis, en 30 daga skammt ef viðkomandi er með vottorð frá norskum lækni. **– kbg**

## Birnu komið fyrir í Ölfusá

**DÓMSMÁL** Líkami Birnu Brjánsdóttur var settur í Ölfusá, við Óseyrarbrú, þaðan sem hann rak á einni viku upp í fjöru skammt vestan við Selvogsvita, þar sem hann fannst eftir mikla leit 20. janúar 2017.

Þetta er niðurstaða haffræðings sem dómkvaddur var til að meta hvar líklegast væri að líkama Birnu hefði verið komið fyrir í sjó að teknu tilliti til hafstrauma, veðurfars, landslags og fleira.

Það var verjandi Thomasar Møller Olsen sem óskaði eftir matsgerðinni. Málið verður til meðferðar í Landsrétti í haust en líklegt er að þessar nýju upplýsingar leiki þar stórt hlutverk.

Thomas var dæmdur í nítján ára fangelsi í september 2017 fyrir að hafa orðið Birnu Brjánsdóttur að bana. **– aá / sjá síðu 2**

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Kári Stefánsson fjallar um ljósmæður í bréfi til fjármálaráðherra. 12

**SPORT** Ásdís Hjálmsdóttir spjótkastari er mætt til leiks á ný og ræðir erfið bakmeiðsli. 16

**MENNING** Alþjóðlega tónlistarakademían er haldin í Hörpu. 22

**LÍFIÐ** Ivan Mendez í hljómsveitinni Gringlo sækir innblástur frá seiðkörlum og skógarmunkum. 30

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Vestlæg og síðar breytileg átt í dag. Þykknar upp með súld eða dálítilli rigningu um landið sunnan- og vestanvert en lengst af bjartviðri norðan- og austanlands. SJÁ SÍÐU 20



Síðustu ár hefur Íslandsbanki boðið í laxveiði. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Bankinn býður ekki í lax í ár

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki hefur ákveðið að bjóða vildarviðskiptavinum sínum ekki í laxveiði í sumar eins og tíðkast hefur undanfarin ár. Þetta staðfestir Edda Hermannsdóttir, samskiptastjóri bankans, við Fréttablaðið.

Fréttablaðið greindi frá því í fyrra að Íslandsbanki hefði boðið völdum viðskiptavinum í veiði í Norðurá. Bankinn var þá kominn að fullu í eigu ríkisins en ekki fékkst uppgefið hver kostnaðurinn var né hverjum eða hversu mörgum var boðið. Landsbankinn lagði af allar boðsferðir sem þessar eftir hrun.

**3**
**milljarðar var samanlagður risnukostnaður bankanna fyrir hrun.**

Íslandsbanki og Arion banki hófu að bjóða völdum viðskiptavinum sínum í laxveiði á ný eftir hrun árið 2014, þótt íburðurinn hafi verið minni en fyrir hrun. Þá vörðu bankarnir milljörðum í boðsferðir sem rannsóknarskýrsla Alþingis kallaði birtingarmynd óhófs. Ríkisbankarnir tveir virðast nú sameinaðir í að leggja laxveiðiboðsferðirnar af.

Þá fengust þær upplýsingar hjá Landsbankanum og Íslandsbanka að bankarnir hafi hvorki boðið viðskiptavinum né starfsmönnum á leik á HM í Rússlandi. **– smj**

# Skipverja á Seabed Worker komið í land



Rannsóknarskipið Seabed Worker, sem hefur verið við fjársjóðsleit í flaki SS Minden, hélt til Vestmannaeyja í gær til að koma skipverja á þurrt land. Lóðsinn í Eyjum tók á móti skipinu og ferjaði skipverjann í land. Hann fór síðan með Herjólfi til Landeyjahafnar. Skipverjinn sagði vinnuna í Minden ganga vel og að á allra næstu dögum yrði gull að andvirði mörg hundruð milljónir híft um borð. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

# Tilboð ríkisins mun liggja fyrir á miðvikudag

**KJARAMÁL** Fundi samninganefndar ríkisins og kjaranefndar Ljósmæðrafélags Íslands lauk í gær án niðurstöðu og hefur verið boðað til nýs fundar á miðvikudaginn í næstu viku.

„Nú er lausnamiðað samtal að eiga sér stað sem ekki var áður,“ segir Katrín Sif Sigurgeirsdóttir, formaður samninganefndar ljósmæðra.

„Nú vitum við að samninganefnd ríkisins ætlar sér að koma með tilboð á borðið á fundi okkar hjá ríkissáttasemjara klukkan tvö á miðvikudaginn sem við munum auðvitað skoða. Það í sjálfu sér er mjög jákvætt skref,“ segir Katrín Sif.

„Ég hefði sannarlega viljað hafa vöfflukaffi eftir þennan fund okkar en því miður hafðist það ekki,“ bætir Katrín Sif við. **– sa**

# Líkami Birnu settur í Ölfusá við Óseyrarbrú

**Samkvæmt niðurstöðu matsskýrslu var líkama Birnu Brjánsdóttur komið fyrir lengra frá þeim stað en fyrr var talið. Verjandi Thomasar bað um matsgerðina vegna áfrýjunar. Búast má við að hún verði rædd í þaula í Landsrétti í haust.**






**DÓMSMÁL** Líkami Birnu Brjánsdóttur var settur í Ölfusá, við Óseyrarbrú, þaðan sem hann rak á einni viku upp í fjöru skammt vestan við Selvogsvita, þar sem hann fannst eftir mikla leit 20. janúar 2017. Þetta er niðurstaða dómkvadds haffræðings sem skilað hefur matsskýrslu til Héraðsdóms Reykjavíkur. Það var fyrrverandi verjandi Thomasar Møller Olsen sem fór fram á að dómkvaddur matsmaður yrði fenginn til að meta hvar líklegast væri að líkama Birnu hefði verið komið fyrir í sjó að teknu tilliti til hafstrauma, veðurfars, landslags og fleira.

Í rökstuðningi með beiðni verjandans segir að af gögnum málsins hefði Thomas ekki getað ekið nema um 130 km milli kl. 6 og 11 morguninn 14. janúar 2017, en hafi líkama Birnu verið komið fyrir í sjó utan þeirrar vegalengdar megi útiloka sekt Thomasar.

Við rannsókn málsins varð aldrei upplýst með öruggum hætti hvað Thomas hafðist að frá kl. 7 til 11 morguninn 14. janúar. Samkvæmt framburði stjórnenda rannsóknarinnar hafi 130 til 150 óútskýrðir kílómetrar verið eknir á bílaleigubíl þeim sem Thomas hafði á leigu.

Í skýrslu lögreglu við aðalmeðferð málsins í Héraðsdómi Reykjaness kom fram að ekkert væri haldbært um ferðir ákærða og bílaleigubílsins á umræddu tímabili þessa dags. Út frá þeim upplýsingum sem fyrir lægju um kílómetrastöðu bílaleigubílsins og vegalengdarinnar sem bifreiðinni var ekið á meðan ákærði hafði hana á leigu, væri líklegast að ákærði hefði ekið bílaleigubílnum frá Hafnarfjarðarhöfn, Krísuvíkurleiðina að brúnni yfir Vogsósa og til baka.

Sú leið sem lögreglumaðurinn vísaði til er 45 kílómetra löng. Að Óseyrarbrú eru hins vegar 30 kílómetrar Í viðbót sé miðað við Krísuvíkurleiðina. Það eru 150 kílómetrar.

Við málflutning um matsbeiðnina gerði verjandi Thomasar athugasemdir við að miðað væri við að líkama Birnu hefði verið komið fyrir á sama stað og hún fannst sjö dögum síðar. Við aðalmeðferðina sagði hann að Óseyrarbrú væri eini staðurinn sem kæmi til greina en væri útilokaður hvað ákærða varðaði. Hann hefði aldrei getað keyrt svo langt miðað við keyrsluna á bílnum umræddan morgun, þrátt fyrir að Krísuvíkurleiðin hefði verið farin væru það 149,8 km. Og þar með útilokað að ákærði hefði verið að verki en ekki mætti gera ráð fyrir því að hún hefði verið meira en 130 kílómetrar. Vísaði hann meðal annars til réttar þess ákærða að vafaatriði ætti að meta honum í hag.

Búast má við að matsgerðin verði meðal helstu álitaefna málsins þegar það kemur til Landsréttar í haust. **adalheidur@frettabladid.is**







HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

## Í fullkomnu flæði

Toyota C-HR er fínslípaður demantur sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir aksturseiginleikar ásamt háþróuðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Toyota C-HR**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum**

5 3+2 ÁBYRGÐ | 2 ÁRA ÞJÓNUSTA | FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARe og ENEA á akstურstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.
Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Tafir á skráningu 32 sæta skrúfuþotu flugfélagsins Ernis

**FLUGMÁL** Dornier-skrúfuþota sem Flugfélagið Ernir keypti í vetur og kom til landsins fyrir rúmum sex vikum stendur enn ónotuð í flugskýli 1 á Reykjavíkurflugvelli.

Dornier-vélin er 32 sæta og því umtalsvert stærri en þær nítján sæta vélar sem Ernir hefur haft stærstar í flota sínum fram að þessu. Að sögn Harðar Guðmundssonar, forstjóra flugfélagsins, er pappírsvinna meginástæða tafa sem orðið hafa á að Dornier-vélin væri skráð hér á Íslandi og fengið útgefið lofthæfisskírteini. Skjöl sem fylgi vélinni hafi ekki skilað sér hingað til lands fyrr en um mánuði eftir að þotan sjálf kom.

Hörður segir menn frá Þýskalandi hafa verið hér nýlega með flugvirkja Ernis á námskeiði og að flugmenn félagsins hafi farið til Austurríkis í þjálfun. Mjög flókið sé að bæta nýrri flugvélartegund í þann flota sem fyrir er. Enn er mikil pappírsvinna fram undan sem Hörður kveðst áætla að geti tekið fjórar til sex vikur. Fyrirsjáanlegt sé að Ernir nái Dornier-vélinni ekki inn fyrir háannatímann um verslunarmannahelgina. Hörður segir þessa vél meðal annars eiga að nýtast í flug til Vestmannaeyja og Húsavíkur og að auki í leiguflug með hópa. **– gar**



Dornier-vélin sem flugfélagið Ernir keypti í Þýskalandi. MYND/HÖRÐUR GUÐMUNDSSON

## Sjóvá metið mun hærra í verðmati

**VIÐSKIPTI** Capacent verðmetur tryggingafélagið Sjóvá á 28,9 milljarða króna sem er 28 prósent yfir markaðsvirði. Verðmatsgengið lækkar um tæplega eitt prósent frá síðasta mati.

Í greiningunni, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, segir að árlegur sumarblús virðist vera á verðbréfamarkaði og líklegt sé að ládeyða verði á hlutabréfamarkaði fram yfir verslunarmannahelgi. Þrátt fyrir að Sjóvá birti nýlega afkomuviðvörun vegna þess að tjón voru umfram áætlun á fyrri helmingi ársins hafði það ekki áhrif á verðmatið.

Sjóvá gerir nú ráð fyrir að samsett hlutfall verði 98 prósent í ár í stað 96 prósenta. Aftur á móti hefur Capacent reiknað með því að hlutfallið verði 99 prósent. Fram kemur í greiningunni að grunnrekstur félagsins sé að styrkjast þrátt fyrir óvænt tjón. Á móti sé nú gert ráð fyrir lægri fjárfestingartekjum í ljósi verðþróunar á verðbréfamörkuðum. **– hvj**

## Allir verða að sýna vegabréf

**FERÐALÖG** Yfirvöld í Svíþjóð hafa hert landamæragæslu sína tímabundið og nú þurfa allir norrænir ríkisborgarar að framvísa gildum skilríkjum við komuna til landsins.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu verða norrænir ríkisborgarar því að hafa við hönd gild vegabréf, ökuskírteini eða nafnskírteini þar sem ríkisfang kemur fram.




Borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins minnir á að vegabréf eru einu gildu íslensku ferðaskilríkin, einnig innan Norðurlandanna. **– khn**

# Bæta þarf hönnun Super Puma segir norsk rannsóknarnefnd

**Rannsóknarnefnd flugslysa í Noregi segir Airbus ekki hafa gert nóg til að tryggja öryggi Super Puma þyrla af þeirri gerð sem hrapaði í apríl 2016. Landhelgisgæslan á Íslandi, sem var að leigja tvær slíkar þyrlur á „tilboði aldarinnar“, skoðar niðurstöðuna á næstu viku. Framleiðandi þyrlanna segist hafa bætt öryggi þeirra.**

**FLUGMÁL** Airbus þarf að að endurhanna gírkassa í Super Puma H225 þyrlum eins og þeim sem fórust með samtals 29 manns í tveimur slysum við Skotland 2009 og í Noregi 2016. Bæði slysin eru rakin til málmþreytu.

Rannsóknarnefnd flugslysa í Noregi sendi í gær frá sér lokaskýrslu um slysið við Turøy í apríl 2016. Aðalspaði Super Puma losnaði fyrirvaralaust og þyrlan féll til jarðar úr tvö þúsund feta hæð. Allir þrettán um borð fórust. Nefndin segir að að vegna málmþreytu hafi sprunga myndast og þróast undir yfirborðinu án þess að uppgötvast – með hörmulegum afleiðingum.

Fram kemur í skýrslunni að notaðir hafi verið tilteknir íhlutir í gírinn frá tveimur framleiðendum. Airbus hafi hætt að skipta við annan þeirra eftir slysið. Rannsóknarnefndin segir hlutina sem áfram séu notaðir virðast vera sterkari. „Þau gögn, greiningar og prófanir sem rannsóknarnefndin hefur haft aðgang að, afsanna hins vegar ekki að þessir geti líka mögulega þróað leyndar málmþreytusprungur í efnið út frá skemmd á yfirborðinu,“ segir í skýrslunni.

Umræddar þyrlur voru settar í flugbann eftir Turøy-slysið en því hefur alls staðar verið aflétt. Rannsóknarnefndin tekur fram að ákvarðanir um lofthæfi séu ekki í höndum nefndarinnar heldur hjá eftirlitsaðilum. Airbus hafi sýnt Flugöryggisstofnun Evrópu fram á að líkurnar á sams konar óhöppum væru ásættanlegar með tilliti til áframhaldandi lofthæfis.

Fundið er að því í skýrslunni að hvorki Airbus né Flugöryggisstofnun Evrópu hafi gripið til nægilegra ráðstafana eftir að sextán fórust með Super Puma í Skotlandi 2009 til að koma í veg fyrir sams konar slys síðar.



Hér má sjá flak þyrlunnar sem hrapaði við Turøy. 13 fórust. FRÉTTABLAÐIÐ/AIBN

Eins og fram hefur komið hefur Landhelgisgæslan samið um að skipta út tveimur Super Puma þyrlum af eldri gerð, sem hér eru, fyrir nýrri gerð sem er einmitt sú sem hrapaði til jarðar. Leiguverðið er það sama og var þessum viðskiptum lýst sem „tilboði aldarinnar“ innan Landhelgisgæslunnar.

Ásgeir Erlendsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar, segir norsku skýrsluna viðamikla og að sérfræðingar stofnunarinnar þurfi á næstu vikum að kynna sér efni hennar.

„Landhelgisgæslan mun sömuleiðis ráðfæra sig við erlenda sérfræðinga. Í fljótu bragði er fátt sem kemur á óvart í skýrslunni en of snemmt er að tjá sig um hana að öðru leyti á þessum tímapunkti,“ segir Ásgeir.

Norska rannsóknarnefndin leggur fram tólf atriði sem færa má til betri vegar. Níu þeirra er beint að Flugöryggisstofnun Evrópu. Tveimur samhljóða ábendingum er beint að Evrópuráðinu og Alþjóðaflugmálastofnunni sem er beðin að tryggja að rannsóknarnefndin hafi frjálsan og óheftan aðgang að mikilvægum upplýsingum.

Í skýrslunni kemur fram að Airbus hafi tafið fyrir því að meðlimir rannsóknarnefndarinnar fengju aðgang að skjölum um hönnun og vottun og að hann hafi síðan verið takmarkaður við skoðun hjá Airbus í Frakklandi. Evrópska flugöryggisstofnunin hafi látið rannsóknarnefndina bíða í sex mánuði eftir tilteknum skjölum.

Lokaábendingin er til Airbus. Fyrirtækið er sagt verða að endurhanna gírkassann með tilliti til styrkleika, áreiðanleika og öryggis Gilles Bruniaux, flugöryggisstjóri Airbus, sagði í yfirlýsingu í gær að fyrirtækið hefði nýtt sér upplýsingar úr rannsókninni til að gera ýmsar öryggisráðstafanir vegna H225.

**gar@frettabladid.is**



# TAX FREE

# SNYRTIVÖRU DAGAR

## DAGANA 5.-9. JÚLÍ

**Taxfree* af öllum snyrtivörum**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

HAGKAUP

Meira svona alla daga



**Kannabisræktun. Mynd úr safni.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Stöðvuðu mikla kannabisrækt

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn á Suðurnesjum stöðvuðu stórfellda kannabisframleiðslu í heimahúsi í Sandgerði á dögunum. Megn kannabislykt vakti athygli lögreglumanna við reglubundið eftirlit og þegar þeir runnu á lyktina og gáðu betur að kom hin umfangsmikla ræktun í ljós.

Lagt var hald á á annað hundrað kannabisplöntur, græðlinga, fjármuni sem og skotvopn. Tveir menn voru handteknir og yfirheyrðir vegna málsins sem er enn til rannsóknar. **– smj**

## Lekandatilfellum fer hratt fjölgandi

**HEILBRIGÐISMÁL** Á fyrstu fimm mánuðum ársins greindust 55 einstaklingar með lekanda. Á sama tímabili árið 2017 voru tilfellin í kringum 30 talsins.



**Lekandi er sýking sem orsakast af bakteríu.**

Tilfelli árið 2018 taka nær eingöngu til karla, en 51 karlmaður greindist með lekanda á móti 4 konum. Lekandafaraldurinn er einkennandi fyrir karlmenn sem hafa mök við karlmenn.

Samkvæmt upplýsingum frá sóttvarnalækni er faraldurinn fyrst og fremst innlendur. 34 eða 62 prósent þeirra sem greindust voru íslenskir ríkisborgarar. **– khn**



**Auðvelda á Dönum að flytja inn verkfræðinga.** NORDICPHOTOS/AFP

## Vantar þúsundir verkfræðinga

**DANMÖRK** 10 þúsund verkfræðinga og raunvísindamenn mun vanta til starfa í Danmörku árið 2025, samkvæmt spá félags verkfræðinga í Danmörku. Skortur á verkfræðingum háir nú þegar mörgum dönskum fyrirtækjum. Í frétt Dagens Næringsliv segir að nokkur fyrirtæki neyðist til að útvista verkefnum til verkfræðistofa í útlöndum.

Ráðherrann Inger Støjberg, sem fer með málefni innflytjenda, segir skort á fagmenntuðu starfsfólki í Danmörku óþolandi ástand. Kveðst hún ætla að auðvelda fyrirtækjum að ráða erlendan starfskraft. Nú verða starfsmenn frá löndum utan Evrópusambandsins að þéna að minnsta kosti 418 þúsund danskar krónur á ári til að fá að starfa í Danmörku. **– ibs**

## Dýrgripir frá miðöldum



**Mikil spenna var í Árnastofnun í gær þegar Guðrún Nordal forstöðumaður tók við tveimur af merkustu handritum Íslendinga frá miðöldum: Reykjabók Njálu og Ormsbók. Handritin verða til sýnis í Listasafni Íslands á sýningu sem tileinkuð er fullveldisafmælinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Deila um lögmæti öryggishliðs við frístundabyggð í landi Fells

**Eigendur frístundahúsalóða í Biskupstungum komu fyrir öryggishliði að byggðinni í óþökk eiganda jarðarinnar. Skemmdarverk á hliðinu hafa verið kærð til lögreglu. Málið hefur ítrekað ratað til úrskurðarnefnda. Lögmæti hliðsins hefur ekki enn farið fyrir dómstóla en „það mál er í undirbúningi", segir Hjalti Úrsus.**

**DÓMSMÁL** Áralöng deila hefur staðið um öryggishlið að frístundabyggð í landi Fells í Biskupstungum. Eigendur jarðarinnar telja að hliðinu hafi verið komið ólöglega fyrir og að það skerði eignarrétt þeirra. Nær allir eigendur frístundahúsa eru hins vegar á öðru máli.

Eigandi Fells, en jörðin er um 770 hektarar að flatarmáli, er félagið Selmúli ehf. og hóf félagið að selja lóðir úr jörðinni árið 1997. Frístundahús eru bæði fyrir ofan og neðan þjóðveg sem liggur gegnum jörðina. Ásar eru fyrir ofan þjóðveg.

Árið 2014 ræddu lóðareigendur Ása um það að setja upp öryggishlið inn í byggðina og var það samþykkt með meirihluta atkvæða. Einn eigandi vildi ekki greiða sinn hluta í kostnaði af uppsetningu hliðsins og varð af dómsmál.

Þetta er ekki eina dómsmálið sem höfðað hefur verið en eigendur Selmúla hafa mótmælt hliðinu og telja uppsetningu þess ólögmæta. Skemmdarverk hafa verið unnin á hliðinu og lögreglan rannsakað hver var þar að verki. Þá hefur málið farið fyrir kærunefnd húsamála sem úrskurðaði að uppsetning hliðsins væri lögmæt.

„Þau biðja okkur um að fá að setja upp hlið þarna upp á öryggismál að gera. Stjórn Selmúla ákvað að veita ekki leyfi fyrir því en í framhaldinu gera þau það samt," segir Hjalti Úrsus Árnason, stjórnarformaður Selmúla.

Félagið fór fram á það að lögbann yrði lagt við uppsetningu þess. Það mál dróst svo fyrir dómstólum að þegar loks var úrskurðað í málinu var hliðið löngu tilbúið og lögbanni hafnað af þeim sökum.

Umrætt hlið er þannig úr garði gert að hægt er að opna það með því að hringja í ákveðið símanúmer. Lóðareigendur hafa meðal annars borið því við að eigendur Selmúla geti fengið símanúmerið og þar með aðgang að landi sínu. Þá hafi þeir séð um að bera í veginn og halda honum við í fjölda ára.

> **Staðsetning hliðsins er í okkar landi, það er alveg óumdeilt.**
>
> Hjalti Úrsus Árnason, stjórnarformaður Selmúla



> **Skemmdarverk hafa verið unnin á hliðinu og lögreglan rannsakar nú hver var þar að verki.**

„Fyrir innan frístundahúsin eru hátt í tvö hundruð hektarar lands sem þau eru að loka á aðgang okkar að," segir Hjalti og líkir málinu við það að einhver girði af hluta íbúðar annars manns en veiti honum leyfi til að fara þangað inn með þar til gerðu tæki.

„Staðsetning hliðsins er í okkar landi, það er alveg óumdeilt. Við lögðum veginn að bústöðunum svo hann er í okkar eigu. Það er alveg kýrskýrt í kaupsamningunum að við seldum lóðirnar en ekki veginn að þeim. Lögmæti hliðsins hefur ekki enn farið fyrir dómstóla en það mál er í undirbúningi," segir Hjalti.

Sigurður Guðmundsson, formaður Ása, vildi ekki ræða málið.

**joli@frettabladid.is**

# Landspítalinn réð ekki hæfasta umsækjandann

**DÓMSMÁL** Landspítalinn stóð með saknæmum og ólögmætum hætti að því ráðningarferli sem fram fór þegar ráðið var í starf deildarstjóra sálgæslu djákna og presta í júlí 2016. Þetta er niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur í máli sem presturinn Bragi Skúlason höfðaði gegn spítalanum sem hafði ráðið Rósu Kristjánsdóttur í starfið.

Dómurinn féllst á að Bragi hefði búið yfir meiri menntun en Rósa, þar á meðal á sviði sálgæslu, þó nokkuð lengri starfsreynslu á sviði sálgæslu og umtalsvert meiri stjórnunarreynslu en Rósa. Allir hlutlægir mælikvarðar hafi gefið til kynna að Bragi væri hæfari en Rósa til að hljóta starfið.

Hins vegar telur dómurinn ekki gefið mál að Bragi hefði hlotið starfið umfram aðra tvo hæfa umsækjendur sem boðaðir voru í starfsviðtal. Héraðsdómur hafnaði því viðurkenningu á skaðabótaskyldu Landspítalans vegna þessa. Bragi fór einnig fram á fimm milljónir króna í miskabætur en héraðsdómur ákvað að dæma Landspítalann til að greiða Braga 500 þúsund krónur, þar sem málsmeðferð spítalans hafi verið slíkum annmörkum háð að starfsmenn hans teljist hafa vanrækt veigamikil atriði í rannsókn sinni við undirbúning ráðningar deildarstjóra. Sú vanræksla hafi orðið til þess að ekki var litið til þess að Bragi hafi í reynd verið hæfari umsækjandi en sá sem var ráðinn.

Landspítalinn þarf að auki að greiða Braga 1,6 milljónir króna í málskostnað. **– smj**



**Bragi var hæfari en manneskjan sem var ráðin.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


KRÓNAN
Svarið við erfiðustu spurningu dagsins er ...
Steikar samloka
Ungnauta innralæri
3999 kr. kg
Fabrikku Bernaises sósa
499 kr. stk.
BERNAISE SÓSAN
KORTER Í 4
Tómatar í lausu
265 kr. kg
Snittubrauð
199 kr. stk.
Sveppir, 250 g
332 kr. pk.
Laukur 4 stk. 500 g
289 kr. pk.
H&G Klettasalat 75g
229 kr. pk.
Þú finnur uppskriftina á kronan.is/uppskriftir
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 8. júlí eða meðan birgðir endast. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



Dawn Sturgess og Charlie Rowley.

## Bretar krefjast svara frá Kreml

**BRETLAND** Bresk stjórnvöld munu ráðfæra sig við bandalagsþjóðir sínar um viðbrögð gagnvart Rússlandi í kjölfar þess að par á fimmtugsaldri hefur greinst með eitrun af völdum taugaeitursins Novichok. Þetta segir Sajid Javid, innanríkisráðherra Bretlands. Um er að ræða sama eitur og notað var gegn fyrrverandi gagnnjósnaranum Sergei Skrípal og dóttur hans í mars.

Þau Dawn Sturgess og Charlie Rowley fundust meðvitundarlaus á heimili sínu í Amesbury síðastliðinn laugardag. Þau eru enn í lífshættu en talið er að þau hafi komist í snertingu við eitrið fyrir slysni.

Aðeins ellefu kílómetrar eru á milli Amesbury og Salisbury, þar sem Skrípal-feðginin urðu fyrir eiturárásinni. Lögreglan vinnur út frá því að málin tengist.

Breska blaðið The Guardian hefur eftir innanríkisráðherranum að stjórnvöld í Moskvu verði að svara fyrir hvað nákvæmlega hafi gerst. Bresk stjórnvöld muni bregðast við því að öryggi borgaranna sé ógnað.

Talsmaður Pútíns Rússlandsforseta hefur alfarið neitað að Rússar eigi nokkurn þátt í þessu máli. – **sar**

# Binda vonir við skjóta björgun fótboltastrákanna úr hellinum

Von er á mikilli rigningu á svæðinu þar sem tólf taílenskir fótboltastrákar og þjálfari þeirra bíða enn björgunar úr helli sem þeir hafa verið fastir í síðan um þarsíðustu helgi. Unnið er í kapp við tímann að dæla nógu miklu vatni upp úr hellinum áður en rigningin skellur á. Hópnum er nú kennt sund og köfun.

**TAÍLAND** Björgunarmenn í Chiang Rai-héraði í norðurhluta Taílands binda enn vonir við að á allra næstu dögum takist að koma fótboltastrákunum tólf og þjálfara þeirra út úr hellinum sem þeir hafa setið fastir í frá því um þarsíðustu helgi. Eftir tiltölulega hagstætt veður síðastliðna daga er búist við gríðarlegri rigningu á sunnudaginn.

Það er því unnið í kapp við tímann að því að dæla sem mestu vatni upp úr hellinum áður en rigningin skellur á. Monsúntímabilið stendur nú yfir en það nær hámarki í héraðinu í júlí og ágúst.

Takist ekki að dæla nægilega miklu vatni upp úr hellinum þannig að strákarnir og þjálfari þeirra komist út um innganginn gæti sú leið lokast í um fjóra mánuði. Markmiðið er að gera leiðina út það greiðfæra að þeir geti gengið mestan hluta hennar, þótt þeir þyrftu mögulega að synda eða kafa einhvern hluta. Áfram er unnið að því að kenna strákunum og þjálfara þeirra sund og köfun.



Björgunarmaður gengur á milli vatnsslangna sem notaðar eru til að dæla vatni upp úr hellinum í Chiang Rai-héraði í Taílandi þar sem tólf fótboltastrákar og þjálfari þeirra eru fastir. Búist er við miklum rigningum á svæðinu á sunnudag og er unnið í kapphlaupi við tímann. NORDICPHOTOS/GETTY

Áskoranirnar eru þó margar því CNN hefur eftir ónafngreindum sérsveitarmanni í taílenska sjóhernum að heilsufar strákanna í gær hafi ekki leyft tilraunir til að koma þeim út. Einnig er greint frá því að læknisskoðanir hafi leitt í ljós að tveir strákanna auk þjálfarans séu örmagna sökum næringarskorts.

Taílenskir embættismenn sögðu við fréttamenn í gær að það væri undir björgunarsveitinni sem væri inni í hellinum komið að meta hvenær óhætt væri að reyna að koma strákunum út.

Samhliða dælingu vatns úr hellinum er annarra leiða leitað til að bjarga strákunum. Þannig leitar hópur fólks að öðrum inngangi í hellinn í skóglendinu fyrir ofan hann. Þá hefur sá möguleiki ekki verið útilokaður að strákarnir þurfi að kafa stóran hluta leiðarinnar en slíkt er talið afar áhættusamt.

Sjálfboðaliða drífur að svæðinu til að aðstoða hið fjölþjóðlega björgunarlið sem í eru meðal annars ástralskir lögreglumenn, bandarískir hermenn og breskir kafarar. Um eitt þúsund menn úr taílenska land- og sjóhernum taka þátt í aðgerðunum.

Konungur Taílands, Maha Vajiralongkorn, hefur sent þakkir til björgunarfólksins. Hann segir að í þessum aðstæðum hafi kraftur samstöðu, kærleiks og góðvildar gagnvart náunganum óháð kynþætti og trúarbrögðum komið berlega í ljós.

**sighvatur@frettabladid.is**





IONIQ

ÞRJÁR RAFMAGNAÐAR GERÐIR

Verð frá 3.590.000 kr.

Hyundai hefur haslað sér völl sem einn framsæknasti bílaframleiðandi heims á sviði raf- og vetnistækni. Við bjóðum Ioniq rafbílinn í þremur glæsilegum útfærslum.

Ioniq rafbílalína Hyundai er sú eina sinnar tegundar á markaðnum og spannar allt frá 100% rafbíl til Hybrid og tengjanlegra Plug-in Hybrid tvinnbíla sem hafa unnið til fjölda umhverfisverðlauna á undanförnum misserum.

HYUNDAI

8 YEAR / 200.000 KM BATTERY WARRANTY*

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM88339


MAMMUT dagar
Nú gerum við okkur klár fyrir sumarið
20% afsláttur af fatnaði og skóm
dagana 6 - 14. júlí
Mammut Nordwand Adv HS
Verð 82.595,-
Verð m/afsl. 66.076,-
Mammut Foraker Light IN
Verð 27.995,-
Verð m/afsl. 22.396,-
Mammut Kento HS
Verð 27.995,-
Verð m/afsl. 22.396,-
Mammut Aenergy IN
Verð 26.995,-
Verð m/afsl. 21.596,-
Mammut Pordoi SO
Verð 22.995,-
Verð m/afsl. 18.396,-
Mammut Nordwand Pro HS
Verð 93.995,-
Verð m/afsl. 75.196,-
Mammut Botnica IN
Verð 25.995,-
Verð m/afsl. 20.796,-
Mammut Meron Light HS
Verð 50.995,-
Verð m/afsl. 40.796,-
Mammut Eigerjoch Adv IN
Verð 49.995,-
Verð m/afsl. 39.996,-
Mammut Pordoi SO
Verð 22.995,-
Verð m/afsl. 18.396,-
Hanwag Alaska GTX
Verð 54.995,-
Verð m/afsl. 43.996,-
Mammut Alto Guide GTX
Verð 36.995,-
Verð m/afsl. 29.596,-
Mammut Kento High GTX
Verð 26.995,-
Verð m/afsl. 21.596,-
Mammut Mercury Mid III GTX
Verð 24.995,-
Verð m/afsl. 19.996,-
Mammut Alnasca Knit Low
Verð 20.995,-
Verð m/afsl. 16.796,-
Hanwag Tatra GTX
Verð 48.995,-
Verð m/afsl. 39.196,-
Mammut Ayako High GTX
Verð 29.995,-
Verð m/afsl. 23.996,-
Mammut T-Aenergy High GTX
Verð 26.995,-
Verð m/afsl. 21.596,-
Mammut Nova Mid III GTX
Verð 22.995,-
Verð m/afsl. 18.396,-
Teva T-Aegility Low GTX
Verð 22.995,-
Verð m/afsl. 18.396,-
MAMMUT
hanwag
OUTDOOR FOOTWEAR SINCE 1921
OR OUTDOOR RESEARCH
TERNUA
HILLEBERG THE TENTMAKER
Vango
EVEREST
Skeifunni 6 · www.everest.is

# Stóra myndin



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Íslendingar ætla seint að bera gæfu til þess að draga réttan lærdóm af hagsögunni. Laun hafa síendurtekið verið hækkuð langt umfram framleiðni í hagkerfinu og niðurstaðan hefur að lokum ávallt verið hin sama. Ójafnvægið sem myndast er leiðrétt með gengisfalli, aukinni verðbólgu og hærri vöxtum. Þótt ekki hafa vantað fögur fyrirheit hjá aðilum vinnumarkaðarins um að forðast þetta þekkta stef – stundum kallað höfrungahlaup – þá er vandinn sá, eins og hefur opinberast um þessar mundir í kjaradeilu ljósmæðra, að allir launþegahópar eru á sama tíma þeirrar skoðunar að það þurfi aðeins að „leiðrétta“ þeirra laun. Framhaldið þekkja síðan allir.

Ólíkt nágrönnum okkar á hinum Norðurlöndunum, þar sem engum dettur í hug að hækka laun án tillits til samkeppnisstöðu útflutningsgreina landsins hverju sinni, þá hafa Íslendingar af einhverjum ástæðum kosið að fara þá leið að eftirláta opinberum starfsmönnum að leiða launaþróun á vinnumarkaði. Þetta er fráleit staða sem getur ekki gengið upp til lengdar. Vanhugsað útspil kjararáðs, sem ákvarðaði tugprósenta launahækkanir til þingmanna og æðstu embættismanna ríkisins, er nú notað sem réttlæting – kannski skiljanlega að einhverju marki – fyrir því að rjúfa þá launastefnu sem var mörkuð með kjarasamningum á almennum vinnumarkaði fyrir þremur árum. Það væri glapræði sem myndi hitta venjulegt launafólk, sem hefur upplifað fordæmalausa kaupmáttaraukningu á síðustu árum, hvað verst fyrir.

Mikilvægi starfs ljósmæðra fyrir samfélagið verður seint ofmetið. Um það snýst ekki sú kjaradeila sem nú er uppi. Það er einfalt – en í senn ábyrgðarlaust – að gagnrýna stjórnvöld fyrir að semja ekki umsvifalaust við ljósmæður. Það er rangnefni að tala um kröfur þeirra sem „leiðréttingu“, hvað svo sem það þýðir, heldur fela þær einfaldlega í sér launahækkun langt umfram það sem aðrar opinberar stéttir hafa fengið. Engin rök standa því til þess að samþykkja þær kröfur. Fyrir liggur að ljósmæður verða seint taldar láglaunastétt heldur eru meðalheildarlaun þeirra þvert á móti ein þau hæstu innan Bandalags háskólamanna. Samningar við ljósmæður verða aldrei gerðir í einhverju tómarúmi við almenna þróun á vinnumarkaði. Það er veðmál sem íslenska ríkið getur ekki tekið – og má alls ekki taka – enda má öllum vera ljóst að slík niðurstaða yrði stefnumarkandi fyrir komandi kjarasamningalotu í vetur.

Staðan í íslensku efnahagslífi er um margt sérstök um þessar mundir. Á sama tíma og hagkerfið fer hratt kólnandi, sem endurspeglast í versnandi afkomu flestra fyrirtækja, þá hafa stærstu verkalýðshreyfingar landsins, sem stýrt er af fólki með enga jarðtengingu, boðað til kjarastríðs. Í stað þess að verja þann gríðarlega efnahagslega ávinning sem náðst hefur, sem hefur meðal annars skilað sér í því að kaupmáttur hefur aukist um meira en 20 prósent frá 2015, þá telja sumir að nú sé rétti tíminn til að fara fram á stórfelldar nafnlaunahækkanir. Minna en engin innstæða er hins vegar fyrir slíkum kröfum.

Það er stundum sagt að geðveiki sé að gera sama hlutinn aftur og aftur en búast við mismunandi niðurstöðu. Íslenskt þjóðarbú hefur líklega sjaldan staðið betur – lítil verðbólga, viðskiptaafgangur og jákvæð eignastaða við útlönd – og eftir efnahagsuppsveiflu síðustu ára eru væntingar um sjaldséða mjúka lendingu. Hvort það verður reyndin mun einkum velta á því hvernig samið verður á vinnumarkaði. Verði skynsemin þar ekki ofan á er ástæða til að ætla að við taki enn ein efnahagslega rússíbanareiðin. Það yrði sorgleg en í senn afskaplega fyrirsjáanleg niðurstaða.

**Það er stundum sagt að geðveiki sé að gera sama hlutinn aftur og aftur en búast við mismunandi niðurstöðu.**



Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**Hagyrðingar**

Hafi einhver efast um kröfur ljósmæðra í kjaradeilu þeirra við ríkið hljóta þeir sömu efasemdamenn að hafa sannfærst í gær. Þær upplýstu þá um að á sáttafundinum hjá ríkissáttasemjara myndu þær leggja fram kröfur sínar formlega. Það hefði sennilega verið nóg en þær hugðust gera það „í bundnu máli“.

Það er á allra vitorði að ljósmæður eru röggsamar og vinna ómissandi starf en fæstir vissu að þær væru hagmæltar að auki. Nú er bara að bíða og vona að ljóðstafirnir hafi ratað í réttar kveður svo samninganefnd ríkisins komist ekki hjá því að binda enda á þessa deilu.

**Ökuþórinn**

Stórvesírinn Ásmundur Friðriksson fann sig knúinn til að leggja orð í belg um kjaradeiluna. Deildi hann forsíðumynd Fréttablaðsins í gær og sagði að „ljótleiki kjarabaráttunnar [ætti] sér engin takmörk“. Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Ummælin féllu í svo grýttan jarðveg að þingmaðurinn sá sig knúinn til að fjarlægja færsluna enda vegið að honum úr öllum áttum. Það mætti færa nokkuð góð rök fyrir því að þarna hafi Ásmundur verið algjörlega úti að aka.

joli@frettabladid.is

# Fjársjóður framtíðar



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Við lifum á tímum örra breytinga sem fela í sér ótal spennandi tækifæri fyrir ungt fólk. Háskólar eru aflvakar nýsköpunar og breytinga í atvinnu- og þjóðlífi. Flestar tækninýjungar og uppgötvanir sem kollvarpað hafa lífsháttum okkar eiga með einum eða öðrum hætti rætur að rekja til háskólanna.

Til þeirra má einnig rekja nýja strauma og stefnur í heimspeki, bókmenntum, hagfræði og stjórnmálum sem gerbylt hafa hugmyndum okkar um einstaklinginn og samfélagið. Í nýlegri yfirlýsingu evrópskra menntamálaráðherra er vikið sérstaklega að þessu og lögð áhersla á að hlúa að háskólastarfi, akademísku frelsi og heilindum, verja sjálfstæði háskólanna, tryggja virka þátttöku nemenda og stuðla að samfélagslegri ábyrgð og jafnrétti.

Sé horft til þeirra ævintýralegu tæknibreytinga og flóknu áskorana sem framundan eru og krefjast nýrra og þverfræðilegra lausna, sést að aldrei áður hefur verið jafnbrýn þörf fyrir fólk með fjölbreytta háskólamenntun og einmitt nú. Við skulum hafa þetta í huga þegar rætt er um takmarkanir á aðgengi að háskólanámi og að börn innflytjenda séu ekki afskipt þegar kemur að háskólanámi og þeirri spurningu er velt upp hvort of margir úr hverjum árgangi ljúki háskólanámi. Sterk rök hníga að því að okkar fámenna þjóð megi engan missa þegar kemur að nýtingu hugvits og mannauðs. Mikilvægt er að ungt fólk hér á landi, karlar til jafns við konur, fái tækifæri til að stunda háskólanám og að börn innflytjenda séu ekki afskipt þegar kemur að háskólamenntun. Í okkar litla samfélagi eru nú vel yfir tíu prósent þjóðarinnar af erlendu bergi brotin en hlutfallsleg þátttaka þeirra í háskólanámi er mun minni.

Háskólamenntun er undirstaða framfara en rannsóknir sýna að háskólagráða er líka ein besta fjárfesting einstaklingsins á lífsleiðinni. Gildi hennar birtist ekki síst í því að þeir sem lokið hafa háskólanámi telja sig almennt búa við meiri starfsánægju, betri heilsu, meiri hamingju og eru líklegri til að vera virkir í lýðræðissamfélagi en almennt gengur og gerist.

Þannig eru háskólar fjársjóður framtíðar.

**Háskólamenntun er undirstaða framfara en rannsóknir sýna að háskólagráða er líka ein besta fjárfesting einstaklingsins á lífsleiðinni.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Ég kann alveg á blautarann

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Næstum því öll börn eiga það eflaust sammerkt að þau misskilja fyrst á ævinni hvað felst í því að keyra bíl. Þegar þau setjast sjálf undir stýri, eða herma eftir akstri í leik, þá hamast þau á stýrinu og rykkja því af offorsi fram og til baka. Ef þau eru alin upp við beinskipta bíla þá djöflast þau líka á gírstönginni. Allir vita að eftir því sem maður keyrir hraðar, þeim mun meiri tilþrif þarf við að snúa stýrinu.

Auðvitað veit fullorðna fólkið að þessi krúttlega sannfæring barnanna er reist á sandi rétt eins og sannfæring miðaldra karlmanna um að þeir gætu léttilega skrúfað aukaspyrnur upp í samskeytin þegar þeir horfa á Gylfa, Messi og Ronaldo gera það í sjónvarpinu.

**Vitleysa Brynjars á líklega rætur sínar í þeirri rótföstu hugmynd stjórnmálamanna að samfélagið snúist fyrst og fremst um þá sjálfa og það sem þeir eru að gera. Sorrí, það er misskilningur.**



### Sjálfstraust, hroki, heimska

Einn ókosturinn við að eldast og þroskast er að það fjarar smám saman undan þessu óraunhæfa og sandbyggða sjálfstrausti. Það tekur þó mismikinn tíma. Ég og skólafélagar mínir áttum til dæmis nóg eftir af þess lags innihaldslitlu sjálfsöryggi langt fram eftir þrítugsaldrinum. Auðvitað heitir það ekki lengur sjálfstraust þegar fullorðið fólk þykist geta allt—það heitir ýmist hroki eða heimska.

En það er samt sem áður hægt að njóta þess að vera heimskur og hrokafullur þegar maður er ungur. Vinir mínir og ég stofnuðum til að mynda fyrirtæki sem hafði engan tilgang, engar vörur, enga fjármögnun og engar áætlanir—heldur var einvörðungu stofnað af þeirri sannfæringu að við félagarnir gætum allt; og flest betur en nokkur annar.

Við vorum uppfullir af alls konar stórum hugmyndum, þó einkum um sjálfa okkur. En sem betur fer reyndumst við vera þeir einu sem trúðu þessum órum, og engum datt í hug að treysta okkur fyrir neins konar ábyrgð. Fljótlega komumst við að því að þegar maður kafar ofan í hitt og þetta sem á yfirborðinu virðist fáránlegt eða vitlaust þá kemst maður að því að að baki liggja góðar ákvarðanir gáfaðs fólks sem skilur hlutina hundrað sinnum betur en hrokafull ungmenni.

Það er svo þroski sem flestir taka út með tíð og tíma, að ná að bera virðingu fyrir því að flest fólk er býsna klárt í því sem það tekur sér fyrir hendur, og leggur metnað og stolt í að gera hlutina vel. Það sem á yfirborðinu gæti virkað einfalt, eins og að snúa stýrinu í bíl hratt, er oftast miklu flóknara en maður gerði sér í hugarlund.

### Miðdepillinn

Í vikunni vakti þingmaðurinn Brynjar Níelsson athygli fyrir að lýsa því yfir að íslenskir fjölmiðlar væru „í ruslflokki“—að minnsta kosti allir nema hinn eini sanni fjölmiðill þar sem réttar skoðanir eru varðar af aðdáunarverðum heiðarleika. Það er svo sannarlega ekki ný saga á Íslandi eða annars staðar að stjórnmálamönnum finnist fjölmiðlamenn vera villtir bjánar, og að fjölmiðlafólki finnist stjórnmálamenn vera spilltir kjánar. Ætli hvorri stéttinni sýnist ekki á yfirborðinu að fremur lítið komi til starfa hinnar. Blaðamenn gætu auðveldlega séð sig standa í pontu á þingi og stjórnmálamenn telja sig eflaust geta skrifað betri og gáfulegri fréttir og leiðara heldur en blaðasnáparnir.

Blaðamenn og stjórnmálamenn eiga það reyndar að einhverju leyti sammerkt að þeir halda lengi í þá hugmynd um sjálfa sig að þeir geti auðveldlega dembt sér inn í umræðu um hvaða sérhæfða og flókna viðfangsefni sem er og vitað svörin betur en nokkur annar. Það er reyndar nauðsynlegt fyrir báðar stéttir að geta sett sig hratt og vel inn í ýmiss konar málefni, en það er hollt að temja sér að setja hæfilegan fyrirvara við eigin getu til þess að segja fólki fyrir verkum eða til syndanna fyrir að kunna ekki sitt fag.

Það er fáránlegt hjá Brynjari Níelssyni að gefa sér að blaðamenn séu meira og minna allir að reka erindi sín eða hugsjónir í störfum sínum. Þótt enginn skilji persónuleika sinn, metnað eða lífsviðhorf eftir heima þegar þeir mæta í vinnuna þá held ég að langflestir blaðamenn séu einfaldlega að hugsa um að skrifa og segja góðar, áhugaverðar og sannar fréttir. Vitleysa Brynjars á líklega rætur sínar í þeirri rótföstu hugmynd stjórnmálamanna að samfélagið snúist fyrst og fremst um þá sjálfa og það sem þeir eru að gera. Sorrí, það er misskilningur.

### Blautarinn

Ein lítil stúlka sem hafði lært svo óskaplega vel á heimilistækin var ekki bara með það á hreinu hvernig ætti að setja þurrkarann í gang. Hún kunni líka á tækið sem stendur við hliðina á þurrkaranum og hefur það hlutverk í tilverunni að gera fötin blaut svo það sé hægt að þurrka þau—sem sagt, blautarann.

Stundum getur það nefnilega hent mann að misskilja ekki bara hvernig hlutirnir virka, heldur vaða líka í eintómri villu um raunverulegan tilgang þeirra og eðli.



# Eina vitið – Opið bréf til Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra



Kári Stefánsson
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Bjarni, á þriðjudaginn birtist stuttur pistill á heimasíðu fjármálaráðuneytisins vegna fjölmiðlaumfjöllunar um kjör ljósmæðra. Pistillinn er í símskeytastíl og er greinilega ætlað að sýna okkur fram á að við Íslendingar gerum býsna vel við ljósmæður. Ég er feginn því að þú berð ábyrgð á honum en ekki ég.

Þriðja málsgreinin í pistlinum bendir á að á síðasta áratug hafi stöðugildum ljósmæðra á Íslandi fjölgað um 33% en fæðingum fækkað um rúm 8%. Við eigum sjálfsagt að draga þá ályktun að afkastageta ljósmæðranna okkar hafi minnkað í einhvers konar hlutfalli við vaxandi frekju þeirra. Þetta bréf mitt til þín skrifaði ég vegna þess að þú ert drengur góður og ég er viss um að þér eru ekki kunnugar eftirfarandi staðreyndir, annars myndirðu ekki láta svona:

Um miðja síðustu öld var ungbarnadauði á Íslandi með ólíkindum og einhver sá hæsti sem skráður hefur verið í mannkynssögunni eða 238 af hverjum þúsund börnum fæddum. Í dag er hann um það bil hundrað sinnum minni eða 2 af hverjum þúsund og er lægstur í heimi hér.

Það er ólýsanlegur harmurinn foreldra þegar börn þeirra deyja og ekki síst þegar þau deyja ung. Afleiðingar harmsins eru margvíslegar og meðal annars þær að lífslíkur foreldranna minnka og þá sérstaklega mæðra. Þær lifa nokkrum árum skemur fyrir vikið. Sagnfræðingar og félagsfræðingar hafa sett fram þá kenningu að mæður í öldum áður hafi verndað sig fyrir afleiðingum mikils ungbarnadauða með því að tengjast ekki nýfæddum börnum sínum sterkum böndum. Rannsóknir okkar og annarra sýna fram á að þetta er rangt vegna þess að lífslíkur mæðra á þeim tíma sem ungbarnadauðinn var mestur í landinu minnkuðu við barnsmissi til jafns á við það sem gerist í dag.

Móðurástin er ekki smíðuð í konuna. Það verður ekki við hana ráðið. Hún er meðfædd. Síðan er móðurástin eitt af mikilvægustu hreyfiöflum samfélags manna. Hún kemur börnum á legg. Hún býr til konur og menn til þess að taka við landinu. Prísinn sem móðirin borgar fyrir þessa ást sem býr til samfélög er hættan á harminum mikla ef hún missir barn sitt. Það er því skylda okkar sem samfélags að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að það gerist ekki. Þannig launum við móðurinni sem samfélag fyrir ástina sem bjó okkur til.

Sú staðreynd að ungbarnadauði er minni á Íslandi en annars staðar bendir til þess að við séum að þessu leyti að standa í nokkuð góðum skilum við mæður. Þetta á meðal annars rætur sínar í því að ljósmæðurnar okkar skoða verðandi mæður, taka á móti börnum við fæðingu og hafa eftirlit með mæðrum og börnum að fæðingu lokinni. Þær þurftu ekki að komast upp úr riðli og lifa af útsláttarkeppni til þess að sanna fyrir okkur að þær séu heimsmeistarar. Í þeirra tilfelli gildir gamla slagorð Silla og Valda að af ávöxtunum skuluð þið þekkja þær. Börnin okkar lifa frekar en börn annarra þessa erfiðu ferð inn í harðan heim.

Bjarni, þú hlýtur að hafa þetta allt í huga þegar þú metur framlag þeirra til íslensks samfélags. Staðreyndin er svo sú að á meðan stöðugildum ljósmæðra hjá ríkinu hefur fjölgað um 33% og fæðingum hefur fækkað um meira en 8% hafa viðfangsefni ljósmæðra orðið flóknari með ári hverju, konur eignast börn sín eldri, og þyngri, sem fylgir aukin tíðni meðgönguvandamála, og ýmislegt af því sem áður var í höndum lækna hefur flust yfir á þær.

Bjarni, þú verður að gera þér grein fyrir því að þú vinnur ekki störukeppni við ljósmæður. Það eina sem hefur áunnist með tilraun þinni til þess er að hrekja stóran hóp þeirra í flugfreyjustörf og fleiri eru á leiðinni. Sú hætta er fyrir hendi að afleiðingin verði löskuð börn og aukinn ungbarnadauði. Ég veit fyrir víst að þú ert mér og öllum öðrum Íslendingum sammála um að slíkt sé óásættanlegt. Þess vegna ráðlegg ég þér að bjóða þeim betur, vegna þess að aðrar stéttir munu ekki nota þær sem fordæmi, til þess er framlag þeirra til velferðar í samfélagi okkar of sérstakt.

**Sú staðreynd að ungbarnadauði er minni á Íslandi en annars staðar bendir til þess að við séum að þessu leyti að standa í nokkuð góðum skilum við mæður. Þetta á meðal annars rætur sínar í því að ljósmæðurnar okkar skoða verðandi mæður, taka á móti börnum við fæðingu og hafa eftirlit með mæðrum og börnum að fæðingu lokinni. Þær þurftu ekki að komast upp úr riðli og lifa af útsláttarkeppni til þess að sanna fyrir okkur að þær séu heimsmeistarar.**

HB GRANDI

HLUTHAFAFUNDUR

Hluthafafundur HB Granda hf. verður haldinn föstudaginn 27. júlí 2018 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1, 101 Reykjavík og hefst hann klukkan 15:00. Fundurinn fer fram á íslensku.

Dagskrá

1. Kjör tveggja stjórnarmanna
2. Önnur mál

Aðrar upplýsingar

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar á netfangið **hluthafafundur@hbgrandi.is** með það löngum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 17. júlí 2018, þ.e. tíu dögum fyrir fundinn.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta:
**a)** veitt öðrum skriflegt umboð
**b)** greitt atkvæði skriflega

Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Framboðum skal skila á skrifstofu HB Granda Norðurgarði 1 eða á netfangið **hluthafafundur@hbgrandi.is** Tilkynnt verður um framkomin framboð tveimur dögum fyrir hluthafafundinn.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn.

Allar nánari upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu félagsins **hbgrandi.is**

**Stjórn HB Granda hf.**

ÍSLENSKA SIA.IS GRA 88946 07/18

# Kolefnisjöfnun ódýrari en þú heldur



Guðný Camilla Aradóttir
umhverfisfulltrúi IKEA á Íslandi

Starfsemi fyrirtækja mengar. Mismikið, en það verður ekki í nokkrum rekstri komist hjá því að losa koldíoxíð og verða þannig hluti af því grafalvarlega vandamáli sem loftslagsbreytingar eru í heiminum í dag. Úrgangur, orkunotkun og manna- og vöruflutningar með bílum, skipum eða flugvélum mynda útblástur sem hefur neikvæð áhrif á umhverfið. Það þýðir þó ekkert að leggjast í kör yfir því heldur geta fyrirtæki á tiltölulega einfaldan hátt mælt útblásturinn og sett sér markmið um að minnka hann – og kolefnisjafnað það sem út af stendur. Það hefur verið valkostur í mörg ár og leiðunum sem hægt er að fara við það fer fjölgandi.

Kolviður, sem býður fyrirtækjum að borga fyrir gróðursetningu trjáa á Íslandi, tók til starfa árið 2006 og í gegnum nýstofnaðan Votlendissjóð er hægt að kolefnisjafna með endurheimt votlendis. Þá hefur Landgræðslan verið fyrirtækjum innan handar við að ráðast í landgræðsluverkefni og skrá árangurinn í grænt bókhald. Það eru þó hlutfallslega mjög fá fyrirtæki að nýta sér þessa möguleika. Hvað veldur? Ég get mér þess til að margir sjái fyrir sér að kostnaðurinn og fyrirhöfnin við mælingar og kolefnisjöfnun séu of mikil. Ég get mér þess líka til að raunkostnaður og -fyrirhöfn séu ofmetin.

Hjá IKEA á Íslandi höfum við reynt að sinna umhverfismálum vel og þar hefur orðið stigmögnun undanfarin ár eins og hjá fleirum. Þörfin er einfaldlega orðin það aðkallandi að stórfyrirtæki geta ekki setið hjá og látið sig málið ekki varða. IKEA á Íslandi var eitt 104 fyrirtækja sem skrifuðu undir loftslagsyfirlýsingu Festu, samtaka um samfélagsábyrgð fyrirtækja, og Reykjavíkurborgar sem gerð var í tengslum við Parísarsamkomulagið 2015. Í kjölfarið höfum við vinnu við að kortleggja kolefnisfótsporið, og í samstarfi við ráðgjafarfyrirtækið Klappir var fyrsta kolefnisuppgjörið unnið í fyrra. Við höfum nú kolefnisjafnað allan útblástur fyrir árið 2017 – 13 árum á undan kröfum IKEA á alþjóðavísu. Við erum að sjálfsögðu stolt af því að hafa stigið þetta skref en sá lærdómur sem við getum meðal annars dregið af ferlinu – og það sem varð kveikjan að þessum greinarskrifum – er að ferlið var ekki eins flókið og kostnaðarsamt og búist var við.

Fyrir fyrirtæki í góðum rekstri er kostnaður við útreikning á kolefnisfótspori og kolefnisjöfnun óverulegur og það er í raun sláandi að ekki fleiri fyrirtæki leggi á þetta áherslu. Það er auðvitað flóknast og dýrast í upphafi en það eru fjölmargir sem veita ráðgjöf við slíkt og má benda á Festu sem vettvang fyrir þá sem vilja aðstoð við að stíga fyrstu skrefin. Fleiri þurfa að stíga þessi skref og við getum vottað að þau eru ekki eins þung og margur heldur.

**Fyrir fyrirtæki í góðum rekstri er kostnaður við útreikning á kolefnisfótspori og kolefnisjöfnun óverulegur og það er í raun sláandi að ekki fleiri fyrirtæki leggi á þetta áherslu.**




B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.

# Ítalskt




Tilboð gilda út 8. júlí

**Fumagalli ítölsk hráskinka, salami og Pancetta**

Ítölsk gæðavara. Lífræna línan

verð frá **599** kr/pk



**Tengdamömmutungur**

Frábærar með ostunum, pastanu eða einar og sér

**799** kr/pk




**La Gelateria**

Ekta ítalskur gelato sem kemur í eigulegum glerglösum

**749** kr/pk




**Freyju Staur**

Glænýr Staur í næstu verslun

**139** kr/stk

VEGAN




**Califia kaffidrykkir**

Með möndlumjólk og kókos & möndlumjólk

**599** kr/stk

VEGAN




**Lenny and Larry´s**

Próteinríkar Vegan smákökur

**399** kr/stk

VEGAN




**Field Roast**

Álegg, pylsur og borgarar unnið úr korni, grænmeti og kryddi

verð frá **499** kr/pk

24

**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

# Meira girnilegt

**20% afsláttur**




**Urban Accents krydd**

**949** kr/stk

**Ungnautafile**

**4.399** kr/kg
verð áður **5.499** kr/kg

**Bernaisesóur Hagkaups**

Benni #1 og Benni #2 chili

**429** kr/stk




**15% afsláttur**

**Úrbeinuð kjúklingalæri**

**2.039** kr/kg
Verð áður 2.399 kr/kg




**20% afsláttur**

**Piparmarineraðar grísahnakkasneiðar**

**1.919** kr/kg
Verð áður 2.399 kr/kg




**20% afsláttur**

**Smash style hamborgarar 2 x 250 g**

**1.039** kr/stk
Verð áður 1.299 kr/stk

**HAGKAUP**

*Meira* svona *alla daga*

# Búnir að vera erfiðir mánuðir

Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir er nýfarin af stað á ný eftir baráttu við erfið bakmeiðsli. Ásdís fann fyrir meiðslunum á HM í fyrra og þurfti að hætta öllum kastæfingum í vor eftir að þau tóku sig upp að nýju í æfingarbúðum í Suður-Afríku. Ásdís fer hóflega bjartsýn á Evrópumeistaramótið í Berlín ef bakið heldur.



Ásdís á HM í frjálsum íþróttum í London í fyrra þar sem bakmeiðslin trufluðu hana í úrslitunum. NORDICPHOTOS/GETTY

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir nældi í silfur á frjálsíþróttamóti í Finnlandi um helgina með besta kasti sínu á árinu, 60,34 metrum, en hún er nýfarin af stað eftir erfið meiðsli. Kom kastið á sama stað og hún setti nýtt Íslandsmet fyrir ári þegar hún kastaði spjótinu 63,43 metra.

Var þetta annað mót hennar á árinu en á morgun er sléttur mánuður í Evrópumeistaramótið í frjálsum íþróttum sem fram fer í Berlín.

### Ljós við enda ganganna

Ásdís var skiljanlega afar sátt við að vera komin aftur út á völl þegar Fréttablaðið heyrði í henni.

„Það var ótrúlega ljúft að vera komin út á völl að keppa, þetta eru búnir að vera erfiðir mánuðir en það er góð tilfinning að vera komin aftur. Ég var meidd í bakinu og bakmeiðsli eru oft afar erfið, það getur verið erfitt að finna orsök meiðslanna sem gerir það erfitt að meðhöndla þau," segir Ásdís og bætir við:

„Þetta hefur líka áhrif á það hvernig maður hreyfir sig, maður prófar hina ýmsu hluti sem höfðu lítil áhrif."

Bakmeiðsli eru algeng hjá spjótkösturum.

„Í síðasta skrefinu í spjótkasti stopparðu með öðrum fæti sem kemur miklu höggi á bakið og upp í mjóbakið sem getur verið mjög sárt. Það er ekki þægilegt að kasta spjóti," segir Ásdís hlæjandi og bætir við: „Maður tekur alltaf högg í hverju kasti."

Meiðslin trufluðu hana á heimsmeistaramótinu í London í fyrra.

„Í lok síðasta sumars, rétt fyrir HM, fann ég meira fyrir þessu, þetta var ekki vandamál en var farið að verða svolítið óþægilegt. Á þessum tímapunkti snúast allar æfingar um að kasta og ég hélt að þetta væri álag en þetta truflaði mig verulega í úrslitunum á HM. Það var bara einn hvíldardagur á milli og ég náði ekki nógu góðri endurhæfingu," segir Ásdís en meiðslin tóku sig upp að nýju í æfingarbúðum í Suður-Afríku.

„Þá versnaði þetta töluvert og ég hætti að geta kastað. Á þeim tímapunkti var ég að klára flutninga, doktorsritgerð og ég hélt fyrst að líkaminn væri að segja mér að stoppa smá þegar ég jók álagið. Ég fór í byrjun júní í sneiðmyndatöku og hitti baksérfræðing sem fann einhverja töfralausn því ég var farin að kasta tíu dögum seinna."

> Ég hætti að geta kastað í apríl, þá var ég að klára flutninga, doktorsritgerð og að æfa og líkaminn var eflaust bara að segja stopp.
>
> Ásdís Hjálmsdóttir

### EM handan hornsins

Ásdís náði strax lágmarkinu inn á Evrópumeistaramótið í fyrstu tilraun en hún hafði þegar tryggt sér þátttökurétt á síðasta ári.

„Þegar meiðslin taka sig upp í Suður-Afríku var ég búin að kasta ótrúlega vel og æfingarnar gengu vel en ég bjóst við að vera lengur að komast af stað. Ég er í raun bara búin að taka þrjár almennilegar æfingar. Það var ekki pressa á mér að ná lágmarkinu fyrir EM en það er ákveðin yfirlýsing að ná því strax í fyrsta móti."

Evrópumeistaramótið fer fram á Ólympíuvellinum í Berlín en hún segir erfitt að setja sér markmið.

„Auðvitað hef ég reynt að stilla væntingunum í hóf miðað við hvað undirbúningurinn hefur verið erfiður en svo gengur svona vel. Það er ýmislegt sem ég þarf að bæta, sérstaklega frá fyrsta mótinu. Jafnvægið og takturinn var ekki góður en það kemur með fleiri kastæfingum, þá kemur það hratt," segir Ásdís og heldur áfram:

„Markmiðin fyrir EM ætla ég kannski ekkert að gefa út, ég þarf að sjá hvernig þetta þróast allt saman með auknum æfingum og hvort bakið einfaldlega haldi. Yfirleitt hefur mér gengið vel að ná hratt upp takti með æfingunum og ég er búin að æfa á fullu undanfarið svo að ég er í frábæru formi líkamlega en það vantar kannski meiri stöðugleika í kastinu. Markmiðið er hiklaust að komast í úrslitin en hvað maður gerir í úrslitunum, það kemur í ljós þegar nær dregur. Það er auðveldara að setja sér markmið þá, sérstaklega þegar undirbúningurinn hefur gengið svona erfiðlega."

kristinnpall@frettabladid.is

## Pepsi-deild karla

**KA - Fjölnir 2-0**
1-0 Daníel Hafsteinsson (15.), 2-0 Ásgeir Sigurgeirsson (26.).

**KR - Valur 1-1**
1-0 Kennie Knak Chopart (6.), 1-1 Patrick Pedersen (45.),

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 25 | KA | 12 |
| Stjarnan | 22 | Víkingur R. | 12 |
| Breiðablik | 18 | Fjölnir | 12 |
| Grindavík | 17 | ÍBV | 3 |
| FH | 16 | Fylkir | 8 |
| KR | 14 | Keflavík | 8 |

## Sex fuglar hjá Ólafíu Þórunni



**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, atvinnukylfingur úr GR, byrjar vel á Thornberry Classic-mótinu á LPGA-mótaröðinni í golfi en hún lék fyrsta hringinn á þremur höggum undir pari. Var hún í 36. sæti þegar blaðið fór í prentun en hún lenti einmitt í 36. sæti á sama móti í fyrra á tíu höggum undir pari.

Var Ólafía í einum af fyrstu ráshópunum í gær með teigtíma klukkan 7:40 að morgni. Er hún í næstsíðasta ráshópnum í kvöld þegar kemur í ljós hvort hún nær niðurskurðinum.

Ólafía byrjaði illa og fékk skolla á fyrstu holu dagsinsins en hún svaraði fyrir það með þremur fuglum og var á tveimur undir þegar hringurinn var hálfnaður. Þrír fuglar til viðbótar litu dagsins ljós á seinni níu ásamt tveimur skollum sem skilaði henni í hús á 69 höggum. – kpt

## Stórveldaslagur kvennamegin

**FÓTBOLTI** Dregið var í undanúrslit Mjólkurbikars karla og kvenna í knattspyrnu í höfuðstöðvum KSÍ í gær. ÍBV, sem er ríkjandi bikarmeistari í karla- og kvennaflokki, er úr leik í báðum flokkum og því munu liðin ekki verja titla sína.

Einn leikur er eftir í átta liða úrslitum keppninnar í karlaflokki, en Víkingur og Víkingur Ólafsvík mætast 18. júlí.

Breiðablik mætir annaðhvort Víkingi Reykjavík eða Víkingi Ólafsvík karlamegin. Hin undanúrslitaviðureignin er hins vegar á milli Stjörnunnar og FH. Leikirnir í undanúrslitum karla verða spilaðir 15. eða 16. ágúst.

Eitt lið úr Inkasso-deildinni var í pottinum í kvennaflokki, en það er Fylkir sem mætir Stjörnunni. Stjarnan fór í bikarúrslit í fyrrasumar og laut í lægra haldi fyrir Eyjakonum. Þá mætast Breiðablik og Valur sem eru bæði í toppbaráttu Pepsi-deildarinnar í hinum undanúrslitaleiknum. Leikirnir í undanúrslitum kvenna verða spilaðir 21. júlí. – hó

## Frumraun Tryggva í kvöld



Tryggvi Snær Hlinason, landsliðsmaður í körfubolta.

**KÖRFUBOLTI** Tryggvi Snær Hlinason, landsliðsmaður í körfubolta, mun hefja leik með Toronto Raptors í Summer League (sumardeildinni) í kvöld. Er það æfingamót ætlað þeim leikmönnum sem komust ekki að hjá aðalliðum NBA-liðanna í nýliðavali sem og öðrum leikmönnum sem liðin hafa áhuga á að skoða með samning í huga.

Tryggvi Snær kom til greina í nýliðavali NBA sem fram fór fyrir skömmu síðan, en hann var ekki valinn að þessu sinni. Toronto Raptors ákvað hins vegar að skoða þennan hávaxna miðherja enn frekar og mun hann leika með liðinu í þessari deild. Toronto Raptors mætir New Orleans Pelicans í fyrsta leik sínum í deildinni klukkan 19.30 í kvöld.

Tryggvi Snær er enn samningsbundinn spænska liðinu Valencia, en hann gekk til liðs við félagið frá Þór Akureyri á síðasta ári og lék með því á síðustu leiktíð. Tryggvi Snær hyggst æfa í Santa Barbara í Kaliforníu þegar sumardeildinni lýkur og hefja svo æfingar með Valencia þegar undirbúningstímabilið hefst hjá liðinu um mánaðamótin september og október.

Hann sagði í samtali við Fréttablaðið fyrir landsleikina gegn Búlgaríu og Finnlandi fyrr í þessum mánuði að hann sæi ekki annað fyrir sér en að hann myndi spila með spænska liðinu á næsta keppnistímabili. Nú er svo spurning hvort hann heilli annaðhvort forráðamenn Toronto Raptors eða annars NBA-liðs og fái samningstilboð þar. – hó

## HM í dag

**14.00** Úrúgvæ – Frakkland
**18.00** Brasilía – Belgía


Blekhylki.is




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 6. JÚLÍ 2018



# Ein af þeim bestu

**Hrund Scheving stóð á sviði í Vestmannaeyjum í hlutverki íþróttaálfsins fyrir rúmum 20 árum. Í dag er hún heimsmethafi í ólympískum lyftingum kvenna og stefnir á að bæta metið í næsta mánuði.** →2

Hrund Scheving æfir á morgnana, tvo til þrjá tíma í senn, fimm daga vikunnar. Hún segir lyftingar vissulega tímafrekt sport og það er helsti gallinn. MYND/ANTON BRINK

Allra meina bót!






Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪

Ég hef alltaf haft mikið keppnisskap. Ég get varla tekið í spil með börnunum mínum því ég á svo erfitt með að leyfa þeim að vinna," segir Hrund Scheving brosandi en fyrir stuttu setti hún Evrópu- og heimsmet í ólympískum lyftingum kvenna. Mótið var haldið í Búdapest í Ungverjalandi þar sem Hrund lyfti 93 kg í jafnhendingu og sló þar með átján ára gamalt met. Hún æfir nú af kappi fyrir næsta mót sem fer fram á Spáni í ágúst og stefnir á að bæta metið og lyfta 100 kg.

„Ég hef æft og kennt CrossFit í tíu ár og hluti af því eru ólympískar lyftingar. Einhverju sinni fletti ég því upp hvert væri heimsmetið í mínum flokki og sá mér til undrunar að það var nálægt mínu persónulega meti. Ég ákvað því að taka þátt í móti í febrúar síðastliðnum, til að tryggja mér rétt til að keppa á alþjóðlegu mótum, og náði að lyfta yfir heimsmeti. Það var dálítið fulloröins. Ég sá mig aldrei fyrir mér í lyftingum, svo þetta er mjög skemmtilegt og ekki síður þroskandi. Ég viðurkenni fúslega að það er rosalega gaman að vera meðal þeirra bestu og fá um leið tækifæri til að sinna áhugamáli sínu," segir Hrund.

### Lék íþróttaálfinn

Íþróttir hafa alla tíð leikið stórt hlutverk í lífi Hrundar. „Ég er frá Vestmannaeyjum þar sem ég var í fimleikum, handbolta og leiklist sem krakki. Fyrir rúmum tveimur áratugum var fyrsta leikgerðin af Latabæ sett upp í Eyjum og ég lék íþróttaálfinn. Afi minn, Sigurgeir Scheving, og kona hans, Ruth Zohlen, bjuggu til leikgerðina og við fjölskyldan segjum oft í gríni að Magnús Scheving sé eftirherma," segir Hrund hlæjandi.

Hún segist alltaf líta á Vestmannaeyjar sem sinn heimabæ og þar býr stór hluti fjölskyldunnar enn í dag. „Ég fæ mikla hvatningu og klapp á bakið þegar ég kem heim til Eyja. Það hefur verið fastur liður að fara á Þjóðhátíð en í ár missi ég því miður af henni þar sem stutt verður í HM. Mamma mín, dóttir, systurdóttir og systur koma með mér út og það verður gott að hafa fjölskylduna í klappliðinu."

### Lokaverkefni um ofþyngd barna

Leið Hrundar lá til Reykjavíkur þegar hún hóf háskólanám en hún er með BA-gráðu í stjórnmála- og fjölmiðlafræði, mastersgráðu í lýðheilsufræði og diplóma í viðburðastjórnun. Hún viðurkennir að sér finnist gaman að læra en hún þurfi jafnframt alltaf að hafa mörg járn í eldinum. „Ég skráði mig t.d. í nám í lýðheilsufræði þegar ég var í barneignarfríi því ég vildi hafa nóg að gera. Námið var alveg nýtt á þessum tíma og ég var í öðrum útskriftarhópnum frá Háskólanum í Reykjavík. Það hefur oft komið sér vel að hafa lært lýðheilsufræði sem snýst í raun um að fræða fólk um lýðheilsu. Ég gerði lokaverkefnið um ofþyngd barna og setti í kjölfarið upp vefsíðu fyrir foreldra. Hún var hugsuð til að hjálpa þeim við að vinna saman að bættum lífsstíl allrar fjölskyldunnar. Þegar ég gerði mína rannsókn kom í ljós að ef foreldrar eru í ofþyngd eru 70 prósent líkur á að börnin verði líka of þung þannig að oft er þetta fjölskylduvandamál. Það skiptir miklu máli hver kaupir inn á heimilinu. Ef það er til kex inni í skáp, er það borðað. Ef það er ekki til, heldur t.d. ávextir, eru þeir borðaðir. Þetta snýst líka um að fjölskyldan finni sameiginlegt áhugamál sem hefur eitthvað með hreyfingu að gera," segir Hrund.



„Mataræðið er minn helsti veikleiki, enda er ég mikill súkkulaðigrís. Ég passa mig á að borða fjölbreyttan og hollan mat og borða mikið fyrir keppnir til að hafa næga orku," segir Hrund. MYND/ANTON BRINK

Spurð um ráð fyrir foreldra til að taka fyrstu skrefin í átt að betri lífsstíl segir hún gott að gera mataráplan fram í tímann. „Ég mæli með að halda dagbók, fara yfir hvað hægt er að gera og hvað barnið vill borða. Þetta þarf að vera skemmtilegt og allir verða að vinna saman í þessu til að bæta ástandið," segir Hrund.

Um árabil hefur Hrund unnið með börnum og unglingum og er nú deildarstjóri tómstundamiðstöðvarinnar Lækjarsels í Hafnarfirði. „Starfið er mjög áhugavert og þar kemur námið í viðburðastjórnun sér vel. Vinnan er sveigjanleg og oft er mest að gera seinnipartinn en það hentar einmitt vel með æfingunum. Ég æfi á morgnana, tvo til þrjá tíma í senn, fimm daga vikunnar. Vissulega eru lyftingar tímafrekt sport og það er helsti gallinn. Ég kem oft heim af æfingu með samviskubit en fjölskyldan mín er ótrúlega jákvæð og skilningsrík og ég gæti þetta ekki ef hún stæði ekki svona þétt við bakið á mér."




Frá Evrópumótinu í Búdapest fyrr á þessu ár. Hrund keppir á Spáni innan skamms og ætlar að bæta metið sitt.



Hrund segir fjölskylduna standa þétt við bakið á sér í lyftingunum.

### Kenndi CrossFit í Danmörku

Hrund var fyrsti CrossFit kennarinn í Danmörku en hún bjó um fimm ára skeið í Óðinsvéum með fjölskyldu sinni. Hún segir að þá hafi sportið verið nýjung þar í landi og Danir tóku því opnum örmum. „Á þessum tíma var ég í hópi bestu CrossFit kvenna Danmerkur. Ég fór tvisvar á Evrópuleikana í CrossFit og það vakti töluverða athygli í Danmörku. Við kunnum vel við okkur í Óðinsvéum en fyrri eiginmaður minn var þar við nám. Ég notaði tækifærið og lærði dönsku og tel mig nokkuð flinka í málinu þótt börnin mín séu því ekki alveg sammála," segir Hrund og brosir.

Aðspurð segir hún að sér hafi ekki þótt erfitt að flytja heim. „Ég var alveg sátt við það og fannst gott að koma heim aftur. Í raun var það auðveldara en ég átti von á. Sumir sem ég þekki hafa flutt út aftur en það er mismunandi hvað hentar hverjum og einum. Íslendingar eru mjög framarlega hvað varðar lýðheilsu. Hér heima er t.d. CrossFit íþróttin mjög öflug, sem og íþróttastarf almennt. Ég er með börnin mín í íþróttum hjá HK og þau eru keyrð á æfingar og heim aftur, sem mér finnst mikill kostur. Mér finnst frábært að allir séu búnir á æfingu klukkan fjögur og geti þá átt kvöldið saman," segir Hrund.

### Veik fyrir súkkulaði

Spurð hvort hún þurfi að huga sérstaklega að mataræðinu í ljósi þess hversu mikið hún æfir segir Hrund að svo sé en hún telji samt ekki ofan í sig hitaeiningarnar. „Mataræðið er minn helsti veikleiki, enda er ég mikill súkkulaðigrís. Ég passa mig á að borða fjölbreyttan og hollan mat og borða mikið fyrir keppnir til að hafa næga orku. Það er ekkert sem ég forðast að borða."

Hrund segir ekkert lát á vinsældum CrossFit íþróttarinnar og þær séu frekar að aukast heldur en hitt. „Ég æfi og kenni hjá CrossFit í Sporthúsinu í Kópavogi. Á hverju ári er CrossFit Open á netinu og 20 úr þeim hópi öðlast rétt til að keppa á heimsleikunum í CrossFit. Í mínum flokki skráðu 20 þúsund keppendur sig til leiks í síðustu keppni. Ég endaði núna í 35. sæti yfir þær bestu í heimi og stefni á að bæta mig svo ég komist í hóp þeirra tuttugu bestu og geti þá keppt á næstu heimsleikum. Ég stefni þó ekki á að setja heimsmet í CrossFit, ég læt mér nægja heimsmet í lyftingum," segir hún og bætir við að það sé enginn of gamall til að byrja að hreyfa sig og íþróttir séu fyrir alla. „Ég ráðlegg fólki að byrja undir góðri leiðsögn, ekki síst ef fólk hefur áhuga á lyftingum þar sem tæknin skiptir gríðarlegu miklu máli. Ég mæli með að gera hreyfingu að lífsstíl en ekki átaki," segir Hrund að lokum.

Evonia




Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.



Fyrir Eftir

Evonia er hlaðin bætiefnum sem næra hárið og gera það gróskumeira.
Myndirnar hér til hliðar sýna hversu góðum árangri er hægt að ná með Evonia.

www.birkiaska.is




Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

**Nýtt** NEUTROGENA® Hydro Boost® Water Gel

# 2x öflugri rakagjafi fyrir húðina*




**Fær húðin nægjanlegan raka? Prófaðu nýja NEUTROGENA® Hydro Boost® línuna fyrir andlit og líkama með náttúrulega rakagefandi hýalúrónsýru.**




*Hydro Boost® Water Gel, rakaprófun 4 klst. eftir áburð

Neutrogena®

ÞRÓAÐ Í SAMSTARFI VIÐ HÚÐLÆKNA

# Frisbíkast með keðjusög

Orri Freyr Finnbogason sveiflar keðjusög í margra metra hæð í vinnunni. Hann er eini arboristi landsins og keppir í frisbíkasti með keðjusög á Skógarleikunum um helgina. Orri vill efla skógarmenningu landans. Hann segir að íslenskir skógar séu auðlind af fyrirtaks smíðavið.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is





Orri Freyr Finnbogason eyðir vinnudögunum yfirleitt uppi í tré, í margra metra hæð, vopnaður keðjusög. Hann vill fá fólk út í skóg til að njóta náttúrunnar og segir íslenska nytjaskóga mikla auðlind. Hann keppir í frisbíkasti með keðjusög á Skógarleikunum í Heiðmörk á morgun. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Frisbíkast með keðjusög snýst bara um að skjóta viðarskífum út í loftið með keðjusög og keppa um að skjóta þeim sem lengst. Þetta er er ný keppnisgrein á Skógarleikunum þetta árið. Reyndar verða keppendur valdir sérstaklega í þessa grein,“ segir Orri Freyr Finnbogason, arboristi og skógræktarmaður, en hann er einn aðstandenda Skógarleikanna sem haldnir verða í Heiðmörk á morgun.

Keppt verður í fleiri greinum, svo sem í axarkasti og að afkvista trjáboli, kljúfa eldivið, rúlla trjábolum og í að „hlaupa upp tré“ eins og Orri orðar það. Markmiðið sé að kynna fólki hvað unnið sé úti í skógi og efla skógarmenningu landans.

„Við viljum fá fólk út í skóg. Íslendingar eru enn svo ung skógarþjóð og okkur vantar hefðirnar, til dæmis að fara bara út í skóg að grilla og tálga,“ segir Orri.

Á Skógarleikunum verði líka mikið um að vera fyrir krakka, til dæmis læri þau að lita efni með hráefnum úr skóginum, kljúfa eldivið með exi og kjullu og fá að grilla brauð yfir eldi, tálga og vefa úr plöntum.

Orri segir íslenska skóga stærri en margir geri sér grein fyrir og talsverð framleiðsla fari fram úr íslenskum við.

„Við eigum orðið mikla auðlind um allt land af nytjaskógi og vinnsla á smíðaefni eykst hratt. Íslenskur viður er mjög góður til smíði, til dæmis eru grenitrén okkar þétt og bein. Öspin er lúmskt góður smíðaviður, með fallegan, dökkan kjarna. Í Heiðmörk er timbri flett og það þurrkað í þurrkgámi, Skógrækt ríkisins framleiðir talsvert af borðum, kurl, spæni og girðingastaura. Það er nóg til og hægt að gera meira. Það vantar bara að smiðir og hönnuðir uppgötvi þennan möguleika,“ segir Orri.

## Eini arboristinn

Starfstitill Orra, arboristi, hljómar ókunnuglega í eyrum en það er alþjóðlegt heiti yfir fólk sem vinnur við að klifra í trjám, til þess að snyrta þau eða fella þar sem stórvirkum tækjum verður ekki komið við. Orri segist sá eini á landinu og fór utan til að læra.

„Ég hafði verði skógræktarmaður í tíu ár þegar ég fór til Noregs og svo til Bandaríkjanna að læra. Ég fer einnig til Svíþjóðar að læra meira og fer til Slóveníu í sumar. Námið snýst um að læra að nota keðjusög sem skógarhöggsmaður, klifra í trjánum með sérstökum búnaði og síðast en ekki síst þarf maður að vita hvað er að gera þarna uppi, læra um trén og trjásnyrtingar,“ segir Orri og viðurkennir að starfið sé ekki hættulaust. Hæstu trén á Íslandi séu yfir 30 metra há.

„Það getur auðvitað ýmislegt farið úrskeiðis þegar maður klifrar upp í tré með keðjusög,“ segir Orri sposkur. „Við vinnum undantekningalaust tveir saman, ef eitthvað hendir klifrarann uppi í trénu getur hinn farið upp og náð honum niður. Ég er búinn að þjálfa upp klifrara og vinn einnig með klifrara frá Danmörku. En þetta er ekkert fyrir alla. Í Bandaríkjunum hef ég klifrað 40 metra upp í tré og var sjúklega hræddur. En ég var með góðan kennara sem sendi mig bara aftur og aftur upp þar til hræðslan hvarf,“ segir Orri

Skógarleikarnir hefjast á morgun klukkan 13 í Furulundi í Heiðmörk og standa til klukkan 17.

Tilboðsdagar í Verslun Guðsteins

Valdar vörur með óheyrilega miklum afslætti

Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34

VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar

Síðan 1918



Vinnuaðstæður Orra eru ekki fyrir þá sem eru lofthræddir.


FLUGURNAR FÆRÐU Í
VEIÐIFLUGUM
Frances Tungsten
Von
Frances Hexagon
Þssar verða sennilega þær veiðnustu í sumar
Haugur, Von og Autumn Hooker
Valbeinn
Black Sheep, Sjáandinn og Radian
Tungsten púpur
Veiðiflugur
LANGHOLTSVEGI 111
WWW.VEIDIFLUGUR.IS
527-1060

# Borgir sem heilla fagurkera

Hafðir þú hugsað þér að vera innanlands í sumar en hefur snúist hugur? Það er hægt að komast á fallega staði í Austur-Evrópu beint frá Íslandi.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Ferðir Íslendinga til Austur-Evrópu hafa aukist mikið undanfarið. Auðvelt er að komast til Póllands, Ungverjalands og Vilníus í beinu flugi. Borgarferðir eru yfirleitt vinsælastar á haustin en það er ekkert að því að skreppa í slíka ferð að sumri meðan borgirnar eru í blóma og sumarsólin skín. Ef fólk vill fara til Prag eða Riga í Lettlandi þarf tengiflug á þessum árstíma. Hins vegar er hægt að velja um nokkrar borgir í Póllandi í gegnum WizzAir eða Wow air. Í öllum þessum borgum er upplagt að fara í ferð með tveggja hæða túristastrætó til að kynnast því hvernig þær liggja en um leið sér maður flest allt það sem merkilegt er að sjá og upplifa.

### Búdapest í Ungverjalandi

Búdapest er ákaflega falleg borg. Hægt er að fljúga beint frá Keflavík. Áin Dóná rennur í gegnum borgina og skiptir henni í tvo parta, Búda og Pest. Tíu brýr tengja hlutana saman. Heilsulaugarnar í Búdapest eru heimsfrægar. Þær er nauðsynlegt að heimsækja. Sömuleiðis eru mörg spa-hótel í borginni, þar eru jafnframt baðhús og tyrknesk böð til að velja úr. Það eru því hæg heimatökin að fara til Búdapest í heilsu- og afslöppunarferð.

Í þeim hluta borgarinnar sem kallast Búda er gamall konungskastali sem vert er að skoða auk Listasafns ríkisins. Þar nálægt er Matthíasarkirkjan sem er frá 13. öld og þar er einnig Halászbástya eða Fiskimannavirkið en þaðan er stórkostlegt útsýni. Þá er gaman að skoða hina fallegu Stefánskirkju sem er ein af hæstu byggingum í Búdapest.

Það eru góðir matsölustaðir í Búdapest en ungverska gúllassúpan er víðfræg. Ungverskir smáréttir þykja líka afar góðir og sömuleiðis vínin sem framleidd eru í landinu. Flest betri veitingahús eru Pestmegin í borginni. Maturinn er ódýr og margir veitingastaðir til að velja úr. Enginn verður svikinn af að eyða nokkrum dögum í Ungverjalandi og kynnast landi og þjóð.

### Kraká í Póllandi

Kraká er næststærsta borg Póllands. Hún er mikil menningarborg. Gamli bærinn er frá 13. öld en þar er eitt stærsta torg í Evrópu. Í gamla bænum eru hjarta og sál borgarinnar auk þess sem sagan er allt um kring. Wawelkullens er gotnesk höll en hún dregur að sér fjölda ferðamanna ár hvert. Þar er mikilfenglegt safn en byggingin er meira en 900 ára gömul og þykir arkitektúr hennar einstakur. Í gyðingahverfinu Kazimierz er fjöldi kaffihúsa, veitingastaða og safna. Stór hluti kvikmyndarinnar Schindler's list var tekinn upp á þessum stað. Í borginni er einnig að finna safn, Krakow Museum, sem einnig er þekkt sem Oskar Schindler verksmiðjan og sýnir borgina fyrir síðari heimsstyrjöldina og meðan á henni stóð. Nútímalistasafn er rétt hjá sem nefnist Mocak en þar eru áhugaverðar sýningar. Frægasta veitingahúsið í Kraká heitir Exklusiva Wierzynek.

### Vilníus í Litháen

Vilníus er ákaflega sjarmerandi borg. Gamlar kirkjur setja mikinn svip á borgina en þær eru fjölmargar eða 28, sumar afar gamlar og fallegar. Pilies er elsta gata borgarinnar og liggur frá torginu við dómkirkjuna í gegnum háskólahverfið og ráðhústorgið. Í gamla hverfinu við háskólann eru margir góðir veitingastaðir og verslanir.

Á hæð yfir borginni stendur fallegur kastali með gríðarlegt útsýni yfir borgina. Í Kastalanum er KGB-safn sem er óþægileg áminning um leyndarmál Sovétríkjanna sálugu. Það er sterk upplifun að heimsækja kjallarann. Það er ódýrt að vera í Vilníus og í verslunarmiðstöð í borginni eru allar helstu vestrænu verslanir. Þar inni fer stórt skautasvell sem fjölskyldur koma saman, borða á veitingahúsum þar í kring og skella sér á skauta. Í Vilníus er gata sem nefnist Íslandsstræti en íbúar taka mjög vel á móti Íslendingum sem voru fyrstir til að viðurkenna sjálfstæði landsins. Oft eru stórir markaðir á götum borgarinnar sem selja fallegt handverk. Einn stærsti og elsti markaður í Evrópu er venjulega í borginni fyrstu helgina í mars. Athugið að leigubílar eru ódýrari ef hringt er eftir þeim í stað þess að stoppa þá úti á götu.



Búdapest í Ungverjalandi er ákaflega falleg og sjarmerandi borg. Hægt er að fljúga þangað beint frá Íslandi.



Kraká í Póllandi en þangað fara margir Íslendingar um þessar mundir enda mikil saga á þessum slóðum.



Íslandsvinirnir í Vilníus taka vel á móti ferðamönnum héðan.




ALLT Í FERÐALAGIÐ

Veglegt sérblað Fréttablaðsins
um allt sem viðkemur ferðalaginu
kemur út 19. júlí nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.

**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5429 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar
Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Bátar




## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Almenn garðvinna, sláttur, úðun og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

### Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**GETUM BÆTT VIÐ OKKUR MÁLNINGARVINNU.**
Vönduð vinnubrögð og mikil reynsla.
**Löggildur málarameistari**
**Jón og Marteinn Málningarþj.**
**S: 8611242**

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**VIÐGERÐIR - ÚTBOÐ**
Víkurás 2-4 húsféleg óskar eftir tilboðum í utanhússviðgerðir sem eru innan við 3.1 m frá jörð. Helstu magntölur eru: múrbrot 0.4 m3, múrviðgerðir 23 stk (samtals um 0.4 m3), sprunguviðgerðir 55m, háþrýsiþvottur og málun 198m2.
**Útboðsgögn eru ofan á póstkössum í anddyri Víkuráss 4. Uppl. í s. 868 1085**

**HÚSAVIÐGERÐIR**
**ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI**
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com







### Skemmtanir



# Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

HITAVEITU-SKELJAR



HEITIRPOTTAR.IS

HÖFÐABAKKA 1
SÍMI 777 2000

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

**- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -**
Silfri ehf óskar eftir öflugum trailer bílstjóra. Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

## Gufunes

### Breytt landnotkun atvinnusvæðis. Þróun blandaðrar byggðar

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 24. maí 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010.

Í tillögunni felst að breyta hluta iðnaðarsvæðis í Gufunesi í miðsvæði, þar sem þróuð verður blönduð byggð atvinnu og íbúðarbyggðar.Breytingartillagan er auglýst samhliða deiliskipulagi að 1. áfanga nýrrar uppbyggingar í Gufunesi.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 6. júlí 2018 til og með 17. ágúst 2018**. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 3. hæð. Tillöguna má nálgast á ***reykjavik.is*** og ***adalskipulag.is***

## Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

## Afmörkun landnotkunar í samræmi við lóðamörk

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 24. maí 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010.

Í tillögunni felst að leiðrétta afmörkun landnotkunar á skipulagsuppdrætti til samræmis við lóðamörk. Breytingarnar ná til svæða við Vesturhlíð, Völvufell og Vogabyggð.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 6. júlí 2018 til og með 17. ágúst 2018**. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 3. hæð. Tillöguna má nálgast á ***reykjavik.is*** og ***adalskipulag.is***

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 17. ágúst 2018. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsingar um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Gufunes, áfangi 1.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 16. maí 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 24. maí 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir 1.áfanga í Gufunesi. Um er að ræða fyrsta áfanga í skipulagi Gufunessvæðisins. Markmiðið er að útbúa áhugavert og spennandi svæði fyrir kvikmyndaþorp í tengslum við blandaða byggð, þ.m.t. íbúðir. Jafnframt að mynda sterkan ramma almenningssvæðis utan um sveigjanlega og sjálfsprottna byggðarþróun með áherslur á að þar geti þróast forsendur fyrir fjölbreytt og skapandi samfélag þar sem er gott að búa, starfa og njóta lífsins. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Hlíðarendi.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 6. júní 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 28. júní 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda. Breytingin felst í breyttu orðalagi og kvöðum er varða landnotkun á lóð A á skipulagssvæðinu. Lóð A verður blönduð íbúða- og atvinnuhúsalóð eftir breytingu í stað hreinnar atvinnuhúsalóðar. Að auki viðbót er varðar heimild fyrir leikskólastarfssemi á reitnum með leiksvæði í inngarði. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Hafnarstrætisreitur 1.118.5.

